

Eimskip: Ársuppgjör 2019

Helstu atriði í afkomu ársins 2019

- **Tekjur námu 679,6 milljónum evra og lækkuðu um 9,6 milljónir evra eða 1,4% frá árinu 2018.**
 - Tekjur lækkuðu meðal annars vegna lægra flutningsmagns í gámasiglingum, sérstaklega í innflutningi til Íslands.
- **Kostnaður nam 630,2 milljónum evra (án áhrifa IFRS 16) sem er lækkun um 9,7 milljónir evra, þar af lækkaði launakostnaður um 5,9 milljónir evra eða 4,3%.**
- **EBITDA nam 60,5 milljónum evra eða 49,4 milljónum evra (án áhrifa IFRS 16) samanborið við 49,2 milljónir evra fyrir árið 2018.**
- **Hagnaður ársins nam 1,0 milljón evra samanborið við 7,4 milljónir evra fyrir árið 2018.**
 - Einskiptis skattaleg áhrif að fjárhæð 3,4 milljónir evra og virðisrýrnun að upphæð 2,6 milljónir evra vegna sölu skipa hafa neikvæð áhrif á afkomu tímabilsins. Án þessara liða væri hagnaður 7,0 milljónir evra sem er sambærilegt við hagnaðinn fyrir árið 2018.
- **Fjárfestingar ársins námu 38,9 milljónum evra samanborið við 47,4 milljónir evra árið 2018. Fjárfestingum að fjárhæð 36 milljónum evra sem voru á áætlun ársins 2019 var frestað til ársins 2020, einkum vegna seinkunar á afhendingu tveggja nýrra skipa.**
- **Handbært fé frá rekstri í lok ársins jókst og nam 51,3 milljónum evra samanborið við 29,0 milljónir evra árið 2018.**
- **Eigið fé nam 230,9 milljónum evra í lok ársins og eiginfjárlutfallið nam 44,0%, með áhrifum IFRS 16, en til samanburðar var eiginfjárlutfallið 49,1% í árslok 2018.**
 - Arður að fjárhæð 4,7 milljónir evra var greiddur á árinu og endurkaupa áætlanir voru virkjaðar. Félagið keypti hlutabréf að fjárhæð 5,0 milljónum evra að markaðsvirði á árinu.
- **Skuldsetningarhlutfall var 3,0 í lok ársins 2019, samanborið við 2,80 í lok árs 2018. Það er við efri mörk markmiðs um skuldsetningarhlutfall.**
- **Stjórn félagsins mun leggja fram tillögu til aðalfundar að ekki verði greiddur út arður vegna afkomu ársins 2019.**
- **Stjórn félagsins mun einnig leggja fram á aðalfundi tillögu um lækkun hlutafjár, ígildi um 12,5 milljónum evra greiðslu til hluthafa.**
- **Afkomuspá Eimskips fyrir árið 2020 er á bilinu EBITDA 51-58 milljónir evra.**

Helstu atriði í afkomu fjórða ársfjórðungs 2019

- **Tekjur námu 175,5 milljónum evra og lækkuðu um 3,3 milljónir evra eða 1,8% frá sama ársfjórðungi 2018.**
 - Magn í áætlunarsiglingum minnkaði um 13,2% sem skýrist að mestu vegna minni innflutnings til Íslands og minni veiða við Ísland á fjórðungnum.
 - Magn í flutningsmiðlun minnkaði um 3,9% en engu að síður jókst afkoma af flutningsmiðlun miðað við fyrra ár vegna aukinnar framlegðar og samþættingar.
- **EBITDA nam 11,2 milljónum evra á fjórða ársfjórðungi 2019 eða 7,9 milljónum evra (án áhrifa IFRS 16) samanborið við 9,4 milljónir evra á sama ársfjórðungi síðasta árs.**
- **Tap á ársfjórðungnum nam 6,4 milljónum evra samanborið við 1,9 milljónir evra á sama ársfjórðungi síðasta árs og nam lækkunin um 4,5 milljónum evra.**
- **Handbært fé frá rekstri í lok tímabilsins nam 16,9 milljónum evra samanborið við 8,4 milljónir evra í lok sama ársfjórðungs 2018.**

VILHELM MÁR ÞORSTEINSSON, FORSTJÓRI

„Árið 2019 einkenndist af minni innflutningi til Íslands sem minnkaði um 10,7%, sem er í takt við minnkun í tölum Hagstofunnar um heildar innflutningsmagn til Íslands. Að auki hafði loðnubrestur og minni veiðar við Ísland á síðasta ársfjórðungi 2019 töluverð áhrif á útflutningsmagn frá Íslandi. Ég er ánægður að sjá að áhersla okkar á hin ýmsu hagræðingar og samþættingar verkefni hefur jákvæð áhrif á niðurstöður ársins og mun halda áfram að skila jákvæðum áhrifum á árinu 2020. Þetta er í samræmi við vegferð félagsins um aukna samþættingu og áherslu á kjarnastarfsemi.“

Starfsemin okkar í Noregi hélt áfram að bæta afkomu sína og Trans-Atlantic þjónustan okkar óx um tveggja stafa tölur á árinu. Afkoman af flutningsmiðlun jókst milli ára þrátt fyrir minna flutningsmagn.

Launakostnaður lækkaði um 5,9 milljónir evra á árinu sem skýrist að mestu af fækkun stöðugilda í tengslum við samþættingu í rekstrinum.

Þótt að hagnaður ársins sé lágur eða 1 milljón evra, þar sem helstu ástæður eru einskiptis liðir vegna virðisrýrnunar við sölu fimm skipa og skattakostnaðar á fyrsta ársfjórðungi, þá erum við mjög ánægð með verulega aukningu í sjóðstreymi frá rekstri á milli ára.

Við kynntum nýtt gámasiglingakerfi í október og tókst með þeim breytingum að fækka gámaskípum félagsins um eitt. Með nýja kerfinu aukum við þjónustu og áreiðanleika siglingakerfisins ásamt því að lækka fastan rekstrarkostnað.

Eimskip steig einnig mikilvæg skref í endurnýjun gámaskipaflotans og í aðlögun frystiskipaflotans að núverandi rekstri þegar félagið seldi fimm skip í lok árs.

Eimskip gefur í dag út samfélagsábyrgðarskýrslu (ESG) fyrir árið 2019, nú í fyrsta sinn samhliða útgáfu ársreiknings félagsins. Kolefnisfótspor Eimskips, mælt í kolefnisútbæstri pr.tonn af flutningsmagni, hefur minnkað um 14,2% síðan árið 2015 sem er yfir okkar markmiðum og ég er viss um að við bjóðum umhverfisvænustu lausnina í vöruflutningum til og frá Íslandi. Við búumst nú við því að nýju skipin okkar, sem eru sérstaklega útbúin til að draga úr umhverfisáhrifum, verði afhent á öðrum og þriðja ársfjórðungi. Við hlökkum til að hefja samstarfið við Royal Arctic Line og gerum ráð fyrir að hefja það samstarf þegar fyrra skipið hefur verið afhent á öðrum ársfjórðungi.

Í ágúst síðastliðnum upplýstum við um að félagið myndi skoða sölu á dótturfélagi sínu Sæferðum. Í kjölfarið var farið í söluferli en þrátt fyrir nokkurn áhuga kaupenda á félaginu þá leiddu nokkuð ítarlegar viðræður ekki til sölu. Við höfum nú ákveðið að hætta við söluferlið og munum því áfram reka Sæferðir í óbreyttri mynd.

Afkomuspá Eimskips fyrir árið 2020 er á bilinu 51-58 milljónir evra án áhrifa IFRS 16. Óvissa varðandi þróun íslenska hagkerfisins, stöðu á alþjóðamörkuðum og þróun á COVID-19 vírusnum skýrir þetta breiða bil.

Að lokum vil ég þakka okkar góða starfsfólki fyrir vinnuframlag þeirra og áhuga á síðasta ári og viðskiptavinum og samstarfsaðilum fyrir okkar verðmæta samstarf. ”

LYKILTÖLUR

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

REKSTRARREIKNINGUR	Q4 2019	Q4 2018	Breyting	%	2019	2018	Breyting	%
Rekstrartekjur	175,549	178,827	(3,278)	(1.8%)	679,594	689,154	(9,560)	(1.4%)
Rekstrargjöld	164,363	169,387	(5,024)	(3.0%)	619,045	639,916	(20,871)	(3.3%)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir - EBITDA	11,186	9,440	1,746	18.5%	60,549	49,238	11,311	23.0%
Afskriftir	(14,505)	(8,927)	(5,578)	62.5%	(47,027)	(32,548)	(14,479)	44.5%
Rekstrar (tap) hagnaður - EBIT	(3,319)	513	(3,832)	-	13,522	16,690	(3,168)	(19.0%)
Hrein fjármagnsgjöld	(1,979)	(1,577)	(402)	25.5%	(4,787)	(4,923)	136	(2.8%)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	(294)	(568)	274	-	(377)	(1,753)	1,376	-
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt	(5,592)	(1,632)	(3,960)	242.6%	8,358	10,014	(1,656)	(16.5%)
Tekjuskattur	(857)	(264)	(593)	-	(7,351)	(2,612)	(4,739)	-
(Tap) hagnaður ársins	(6,449)	(1,896)	(4,553)	240.1%	1,007	7,402	(6,395)	(86.4%)
Hagnaður (tap) á hlut í evrum	0.0346	(0.0110)			0.0041	0.0378		
Tekjubreyting	(1.8%)	1.7%			(1.4%)	3.8%		
EBITDA / rekstrartekjur	6.4%	5.3%			8.9%	7.1%		
EBIT / rekstrartekjur	(1.9%)	0.3%			2.0%	2.4%		
Nettóskuldir / LTM-EBITDA	3.03	2.80			3.03	2.80		
LTM Arðsemi eiginfjár	0.4%	3.1%			0.4%	5.0%		
IFRS 16 aðlagð:								
Rekstrargjöld	167,631	169,387	(1,756)	(1.0%)	630,242	639,916	(9,674)	(1.5%)
EBITDA	7,918	9,440	(1,522)	(16.1%)	49,352	49,238	114	0.2%
Afskriftir	(11,753)	(8,927)	(2,826)	31.7%	(36,876)	(32,548)	(4,328)	13.3%
EBIT	(3,835)	513	(4,348)	(847.6%)	12,476	16,690	(4,214)	(25.2%)
EFNAHAGSREIKNINGUR	31.12.2019	31.12.2018	Breyting	%	31.12.2018	31.12.2018	Breyting	%
Eignir	524,514	486,296	38,218	7.9%	524,514	486,296	38,218	7.9%
Fastafjármunir	355,712	335,172	20,540	6.1%	355,712	335,172	20,540	6.1%
Veltufjármunir	168,802	151,124	17,678	11.7%	168,802	151,124	17,678	11.7%
Eigið fé	230,868	238,926	(8,058)	(3.4%)	230,868	238,926	(8,058)	(3.4%)
Skuldir	293,646	247,370	46,276	18.7%	293,646	247,370	46,276	18.7%
Langtímaskuldir	191,927	140,753	51,174	36.4%	191,927	140,753	51,174	36.4%
Skammtímaskuldir	101,719	106,617	(4,898)	(4.6%)	101,719	106,617	(4,898)	(4.6%)
Vaxtaberandi skuldir	204,263	159,593	44,670	28.0%	204,263	159,593	44,670	28.0%
Nettóskuldir	183,526	137,652	45,874	33.3%	183,526	137,652	45,874	33.3%
Efnislegar eignir / heildareignir	87.4%	86.0%			87.4%	86.0%		
Eiginfjárlutfall	44.0%	49.1%			44.0%	49.1%		
SJÓÐSTREYMI	Q4 2019	Q4 2018	Breyting	%	2019	2018	Breyting	%
Handbært fé frá rekstri	16,903	8,375	8,528	101.8%	51,302	29,029	22,273	76.7%
Fjárfestingarhreyfingar	(5,827)	(13,683)	7,856	(57.4%)	(36,551)	(51,905)	15,354	(29.6%)
Fjármögnunarhreyfingar	(8,903)	7,522	(16,425)	-	(15,599)	20,631	(36,230)	-
Breyting á handbæru fé	2,173	2,214	(41)	(1.9%)	(848)	(2,245)	1,397	(62.2%)
Handbært fé í upphafi tímabils	18,673	19,330	(657)	(3.4%)	21,941	23,169	(1,228)	(5.3%)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(109)	397	(506)	-	(356)	1,017	(1,373)	-
Handbært fé í lok ársins	20,737	21,941	(1,204)	(5.5%)	20,737	21,941	(1,204)	(5.5%)

REKSTUR ÁRSINS 2019

Rekstrartekjur Eimskips á tímabilinu námu 679,6 milljónum evra samanborið við 689,2 milljónir evra á sama tímabili 2018 og lækkuðu um 9,5 milljónir eða 1,4%. Flutt magn í áætlunarsiglingum lækkaði um 4,9% þar sem innflutningur til Íslands lækkaði um 10,7%. Útflutningur frá Íslandi var viðunandi þrátt fyrir loðnubrest og neikvæða þróun í nóvember og desember þar sem minni veiðar í kringum Ísland milli ára leiddu til minni útflutnings. Vöxtur í magni í Trans-Atlantic þjónustu nam tveggja stafa tölu. Magn í flutningsmiðlun minnkaði um 7,0% að mestu vegna minni þurrvöruflutninga í Asíu en þrátt fyrir það var afkoman betri en árið á undan vegna hærri framlegðar og hagræðingar verkefna.

Rekstrargjöld félagsins námu 619,0 milljónum evra samanborið við 639,9 milljónir evra fyrir árið 2018 sem er lækkun um 20,9 milljónir evra. Rekstrargjöld án áhrifa IFRS 16 námu 630,2 milljónum evra sem er lækkun um 1,5% frá árinu 2018. Breyting var gerð í reikningsskilaaðferð IFRS 16 á fjórða ársfjórðungi þar sem rekstrarkostnaðarþættir eru nú skilgreindir og teknir út úr skuldbindingu vegna skipaleigu. Það leiðir til þess að áhrif IFRS 16 í rekstri eru minni en áður var greint frá og hafa ársfjórðungsyfirlit verið aðlöguð miðað við það. Laun og launatengd gjöld lækkuðu um 5,9 milljónir evra á milli ára eða um 4,3%.

EBITDA ársins nam 60,5 milljónum evra samanborið við 49,2 milljónir evra fyrir árið 2018. Ef leiðrétt er fyrir áhrifum IFRS 16 var EBITDA tímabilsins 49,4 milljónir evra. Ýmis umbótaverkefni höfðu jákvæð áhrif á reksturinn en áhrif minnkunar í innflutningi til Íslands vóg þungt á móti.

Afskriftir námu 47,0 milljónum evra á tímabilinu samanborið við 32,5 milljónir á sama tíma 2018. Án áhrifa IFRS 16 voru afskriftir 36,9 milljónir evra sem er aukning um 8,5 milljónir evra.

Í lok árs 2019 voru seld skip til afhendingar í janúar og febrúar 2020 og var í lok árs færður kostnaður vegna virðisrýrnunar í tengslum við söluna sem nam 2,6 milljónum evra.

Á fyrsta ársfjórðungi 2019 var einskíptis skattakostnaður gjaldfærður að fjárhæð 3,4 milljónir evra í kjölfar úrskurðar Yfirkattaneftndar. Fyrirtækið hefur vísað málinu til dómstóla.

Hagnaður ársins eftir skatta nam 1,0 milljón evra samanborið við 7,4 milljónir evra fyrir árið 2018. Ef horft er framhjá einskíptis skattakostnaði og virðisrýrnun vegna sölu skipa væri hagnaður 7,0 milljónir evra.

EFNAHAGUR

Heildareignir námu 524,5 milljónum evra í lok ársins 2019 samanborið við 486,3 milljónir í lok árs 2018. Fastafjármunir námu 355,7 milljónum evra samanborið við 335,2 milljónir evra í lok síðasta árs. Vegna áhrifa IFRS 16 kom inn nýr eignaliður undir fastafjármuni vegna nýtingarréttar leigueigna og nemur sú fjárhæð 44,5 milljónum evra í lok tímabilsins sem er að mestu vegna leigusamninga sem tengjast skipum, lóðum og húsnæði.

Veltufjármunir námu 168,8 milljónum evra samanborið við 151,1 milljón evra í árslok 2018. Handbært fé nam 20,7 milljónum evra samanborið við 21,9 milljónir evra í árslok 2018. Viðskiptakröfur hækkðu úr 124,1 milljón evra í árslok 2018 í 127,9 milljónir evra. Seld skip sem ekki var búið að afhenda í árslok að fjárhæð 14,9 milljónum evra eru flokkuð með veltufjármunum.

Eigið fé nam 230,9 milljónum evra í lok ársins sem er lækkun um 8,1 milljón evra sem skýrist af stærstum hluta af arðgreiðslu að fjárhæð ISK 653,2 milljónum eða um 4,7 milljónum evra sem var greidd í apríl. Þá keypti félagið eigin bréf að fjárhæð 5,0 milljónir evra á markaðsvirði sem hluta af endurkaupaáætlunum á öðrum til fjórða ársfjórðungi. Eiginfjárhlutfallið var 44,0% en til samanburðar var eiginfjárhlutfallið 49,1% í árslok 2018. Eiginfjárhlutafall án áhrifa IFRS 16 var 47,2%.

Vaxtaberandi skuldir námu 204,3 milljónum evra í lok tímabilsins og hækkðu úr 159,6 milljónum í árslok 2018. Án áhrifa IFRS 16 námu vaxtaberandi skuldir 168,5 milljónum evra.

Skammtímaskuldir námu 101,7 milljónum evra í lok ársins samanborið við 106,6 milljónir í árslok 2018.

SJÓÐSTREYMI OG FJÁRFESTINGAR

Handbært fé frá rekstri nam 51,3 milljónum evra á tímabilinu samanborið við 29,0 milljónir evra miðað sama tímabil 2018. Án áhrifa IFRS 16 var handbært fé frá rekstri 41.1 milljónir evra.

Nettó fjárfestingahreyfingar námu 36,5 milljónum evra samanborið við 51,9 milljónir evra miðað við árið 2018. Heildarfjárfestingar í rekstrarfjármunum (CAPEX) námu 38,9 milljónum evra og þar af voru viðhaldsfjárfestingar 16,3 milljónir evra. Stærstu fjárfestingar tímabilsins voru í nýjum Gantry gámakrana við Sundahöfn, standsetningu á hafnaraðstöðu Sundabakka og nýsmíði tveggja skipa.

Nettó fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 15,6 milljónir evra samanborið við 20,6 milljónir evra jákvæðar fjármögnunarhreyfingar á árinu 2018.

Handbært fé var 20,7 milljónir evra í lok ársins samanborið við 21,9 milljónir í árslok 2018.

ÁÆTLUÐ AFKOMA ÁRSINS 2020

Afkomuspá Eimskips fyrir árið 2020 er á bilinu 51-58 milljónir evra.

Hægt hefur á íslenska hagkerfinu undanfarin misseri og er gert ráð fyrir að innflutningsmagn verði áfram lægri kantinum. Gert er ráð fyrir að útflutningur frá Íslandi og Færeyjum verði heldur sterkari en á árinu 2019. Þá er gert ráð fyrir áframhaldandi jákvæðum áhrifum af breytingum í siglingakerfinu sem kynntar voru í október 2019 og sérstaklega þegar boðað samstarf við Royal Arctic Line hefst. Áætlanir gera ráð fyrir áframhaldandi vexti í Trans-Atlantic þjónustu. Reiknað er með lítilsháttar afkomu aukningu í alþjóðlegri flutningsmiðlun en þó ríkir óvissa á alþjóðlegum mörkuðum og þá getur útbreiðsla COVID-19 haft neikvæð áhrif á rekstrarafkomu.

Skipulagsbreytingar sem nýlega voru kynntar munu hafa jákvæð áhrif á rekstur ársins en kostnaður vegna fækkunar stöðugilda í tengslum við breytingarnar verður gjaldfærður á fyrsta ársfjórðungi.

Undanfarin ár hafa einkennst af miklum ytri vexti en á árinu 2019 var áherslum breytt og nú er áhersla lögð á að bæta arðsemi í núverandi starfsemi og mun það halda áfram á árinu 2020.

Fjöldi utanaðkomandi þátta getur haft áhrif á horfur fyrir árið 2020, þar á meðal spenna í alþjóðaviðskiptum, flutningamagn, flutningskostnaður og olíuverð. Einnig geta sértækir þættir hér heima haft áhrif á horfur ársins s.s. gengis- og vaxtaþróun og samkeppni.

Félagið hefur frest til 15. mars nk. til að skila andmælum við andmælaskjal I frá Samkeppniseftirlitinu og frest til 15. maí nk. til að skila andmælum við andmælaskjal II.

HLUTHAFAR

Markaðsvirði Eimskips var um 195,7 milljónir evra eða 27,3 milljarðar króna við lok viðskipta þann 27. febrúar 2020.

Lokaverð bréfa Eimskips í árslok 2019 var 189,5 krónur á hlut og nam meðaltalslokaverð ársins 2019 183,9 krónu á hlut. Lokaverð þann 27. febrúar 2020 var 150,0 krónur á hlut, sem jafngildir 18,7% lækkun frá áramótum.

Fjöldi útgefina hluta er 187.000.000, þar af eru 181.771.456 útistandandi hlutir og 5.228.544 eigin hlutir. Fjöldi hluthafa í árslok 2019 var 664 en hluthafar voru 672 talsins þann 27. febrúar 2020.

Endurkaupaáætlun var virkjuð á öðrum og fjórða ársfjórðungi. Eimskip keypti samtals 4.867.774 hluti í félaginu að fjárhæð 910 milljónum króna eða 6,6 milljónum evra. Bréfin eru skilgreind sem eigin hlutir.

LYKILSTÆRÐIR ÁRSFJÓRÐUNGA

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

REKSTUR	Q4 2019	Q3 2019	Q2 2019	Q1 2019	Q4 2018
Rekstrartekjur	175,549	172,522	167,535	163,988	178,827
Rekstrargjöld	164,363	152,210	151,706	150,766	169,387
EBITDA	11,186	20,312	15,829	13,222	9,440
EBIT	(3,319)	9,248	5,124	2,469	513
(Tap)hagnaður tímabilsins	(6,449)	7,203	2,754	2,501	(1,896)
EBITDA / rekstrartekjur	6.4%	11.8%	9.4%	8.1%	5.3%
EBIT / rekstrartekjur	(1.9%)	5.4%	3.1%	1.5%	0.3%
EFNAHAGUR	31.12.2019	30.09.2019	30.06.2019	31.03.2019	31.12.2018
Eignir	524,514	522,507	520,227	513,751	486,296
Eigið fé	230,868	233,119	232,972	233,314	238,926
Skuldir	293,646	289,388	287,255	280,437	247,370
Vaxtaberandi skuldir	204,263	201,941	190,824	189,207	159,593
Nettóskuldir	183,526	183,268	170,761	167,853	137,652
Eiginfjárlutfall	44.0%	44.6%	44.8%	45.4%	49.1%
SJÓÐSTREYMI	Q4 2019	Q3 2019	Q2 2019	Q1 2019	Q4 2018
Handbært frá rekstri	16,903	1,406	19,872	13,121	8,375
Fjárfestingarhreyfingar	(5,827)	(10,569)	(12,290)	(7,865)	(13,683)
Fjármögnunarhreyfingar	(8,903)	311	(6,091)	(916)	7,522
Handbært fé í lok tímabils	20,737	18,673	26,973	26,684	21,941

UM EIMSKIP

Eimskip er leiðandi flutningafyrirtæki á Norður-Atlantshafi með tengingar við alþjóðlega markaði og sérhæfingu í flutningsmiðlun um allan heim með þá framtíðarsýn að vera framúrskarandi í flutningalausnum og þjónustu. Eimskip var stofnað árið 1914 og er með hlutabréf sín skráð á Nasdaq Iceland. Félagið rekur 56 starfsstöðvar í 18 löndum í fjórum heimsálfum, er með 17 skip í rekstri og hefur á að skipa um 1.770 starfsmönnum.

KYNNINGARFUNDUR 28. FEBRÚAR 2020

Kynningarfundur fyrir fjárfesta og markaðsaðila verður haldinn föstudaginn 28. febrúar 2020 í höfuðstöðvum félagsins að Korngörðum 2 í Reykjavík og hefst hann kl. 8:30. Vilhelm Már Þorsteinsson, forstjóri mun kynna uppgjör félagsins árið 2019. Fundinum verður streymt beint á www.eimskip.com/investors. Uppgjörsgögn og upptöku af fundinum verður hægt að nálgast á fjárfestasíðu Eimskips, www.eimskip.com/investors.

SAMÞYKKI STJÓRNAR

Stjórn Eimskipafélags Íslands hf. samþykkti ársreikning samstæðu Eimskips fyrir árið 2019 á stjórnarfundum þann 27. febrúar 2020.

FJÁRHAGSDAGATAL

- Q4 2019: Uppgjör birt 27. febrúar 2020
- Aðalfundur: 27. mars 2020
- Q1 2020: Uppgjör birt 19. maí 2020
- Q2 2020: Uppgjör birt 27. ágúst 2020
- Q3 2020: Uppgjör birt 19. nóvember 2020

FREKARI UPPLÝSINGAR

- Egill Örn Petersen, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, sími: 525 7202
- Edda Rut Björnsdóttir, markaðs- og samskiptastjóri, sími: 825 3399, netfang: investors@eimskip.com

TIL ATHUGUNAR FYRIR FJÁRFESTA

Eimskip vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari afkomutilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari afkomutilkynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar tilkynningin er fyrst birt og takmarkast gildi þeirra við sem segir í fyrirvara þessum.